

Ed.

286. Nefndarálit

[138. mál]

um frv. til laga um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv.

Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að frv. verði samþykkt, en minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, leggur til að frv. verði fellt.

Frv. þetta er einn liður í hinn óstjórnlegu skattheimtustefnu núverandi stjórnarflokka. En þessi skattaáþjáningarstefna þeirra er fyrir löngu komin langt fram yfir þau mörk, sem eðlileg og sanngjörn skattheimta í lýðfrjálsu landi á að byggjast á. Ef svo heldur áfram sem nú horfir í skattaálögum núverandi ríkisstjórnar, verður ekki um eðlilega skattheimtu að ræða heldur almenna eignaupptöku.

Alþingi, 21. des. 1978.

Jón G. Sólmes,
frsm.

Ey. Kon. Jónsson.